

III. KAFLI

Gjöld fyrir ljósritun gagna.

5. gr.

Fyrir ljósritun á samþykktum, stofnsamningum og stofnfundargerðum hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga skal greiða 1.000 kr. gjald fyrir fyrstu 20 blöðin. Fyrir hvert blað umfram það skal greiða 50 kr. gjald.

IV. KAFLI

Gildistökuákvæði.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög, nr. 2 30. janúar 1995, sbr. 9. gr. laga nr. 41 16. maí 1997, 2. mgr. 121. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138 28. desember 1994, sbr. 8. gr. laga nr. 43 16. maí 1997 og 2. mgr. 10. gr. laga um samvinnufélög, nr. 22 27. mars 1991, sbr. 2. gr. laga nr. 44 16. maí 1997.

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 1998.

Hagstofu Íslands, 4. febrúar 1998.

Davíð Oddsson.

Hallgrímur Snorrason.

AUGLÝSING**um deiliskipulag Breiðarsvæðis á Akranesi.**

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 13. janúar 1998 var samþykkt deiliskipulag fyrir Breiðarsvæði á Akranesi eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið af Breiðarsvæðinu afmarkast af línu sem dregin er úr Lambhúsasundi eftir Bakkatúni, Vesturgötu, Bárugötu, Hafnarbraut og þaðan til sjávar um suðausturhorn lóðarinnar nr. 3a við Hafnarbraut.

Á ofangreindu svæði skal reisa byggingar fyrir sjávarútveg og fiskiðnað, almennan iðnað, verslun og þjónustu. Auk þess byggingar og mannvirki fyrir eldsneytisbirgðir á afmörkuðum svæðum.

Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

Bygginga- og skipulagsfulltrúinn á Akranesi, 16. febrúar 1998.

Skúli Lýðsson.